

Alþingi
Erindi nr. P 137/719
komudagur 14.8.2009

Sæll Helgi Hjörvar

**Skrifa þér þennan póst sem formanni Efnahags og skattanefndar með ósk um að fulltrúar frá Innnes fái tækifæri til að koma á fund nefndarinnar.
Höfðum áhuga á að ræða þau áhrif sem vörugjöldin munu hafa á matvöruverð hér á landi þann 1. september n.k, sem og þær breytingar sem nú eru í meðförum nefndarinnar.**

**Um leið óska skýringa hvers vegna höfð er uppi ákveðin neyslustýring af hálfu yfirvalda með því t.d. að leggja vörugjald á sojamjólk en ekki nýmjólk? Hvers vegna lagt er 130 kr vörugjald pr. kg. á sykurlaust tyggjó, sem að mati formans Tannlæknafélags Íslands er talið ein besta forvörn í tannhirðu almennings, en upphaf þessarar skattlagningar má rekja til umræðu um sykurskatt á sykraða gosdrykki vegna slæmrar tannhirðu barna. En rannsóknir sýna að regluleg notkun sykurlauss tyggjó eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar um leið sýklaárásir á þær.
Að leggja vörugjald á sykurlaust tyggjó er jafn rangt og leggja vörugjöld á tannkrem og tannbursta, þar sem Íslendingar eru með einna verstu stöðu í tannheilsu barna og unglinga miðað við þær þjóðir sem við höfum verðið að bera okkur saman við.
Einnig væri gott að fá að heyra sjónarmið nefndarinnar hvers vegna sykurlaust tyggjó er ekki tekið út, fyrst á annað borð er verið að framkvæma breytingar á lögunum.**

**Með von um jákvæð viðbrögð.
Virðingarfyllt**



INNES EHF.

Páll Hilmarsson
Innnes ehf
Framkvæmdastjóri markaðssvils
Fossaleyni 21 – IS 112 Reykjavík - Ísland
Sími.: 530 4000 – GSM 660 4001
ph@innnes.is
www.innnes.is